

Vísað er til erindis yðar, dags. 2. janúar 2004, þar sem óskað er svара ráðuneytisins við eftirfarandi spurningum er varða álagningu fasteignaskatts skv. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Orðalagi spurninganna hefur verið breytt lítillega:

1. Ber að líta svo á að heimild skv. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 nái til allra fasteigna í dreifbýlishluta sveitarfélagsins óháð því hvort þær falla undir a- eða b-lið 3. mgr. sömu greinar?
2. Nú hagar svo til að í sveitarfélagi er bæði rekinn landbúnaður og önnur atvinnustarfsemi. Samkvæmt a-lið 3. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 má fasteignaskattur nema allt að 0,5% af álagningarstofni útihúsa og mannvirkja á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði. Felst í því ólögmat mismunun ef sveitarstjórn nýtir sér þann álagningarrétt til fulls en leggur jafnframt hærri skatt á fasteignir sem flokkast undir b-lið sömu málsgreinar, þ.e. allt að 1,32% af gjaldstofni?
3. Getur sveitarstjórn ákveðið að fella undir a-lið 3. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 mannvirki sem áður voru nýtt til landbúnaðar en hefur verið breytt til að nýtast fyrir ferðaþjónustu?
4. Er sveitarstjórn heimilt að veita tímabundið afslátt af álögðum fasteignaskatti í þeim tilgangi að styrkja nýsköpun eða laða að nýja atvinnustarfsemi?

Álit ráðuneytisins

Um álagningu fasteignaskatts gilda ákvæði II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og reglugerð um fasteignaskatt, nr. 945/2000. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur m.a. fram að til landbúnaðar skuli telja grasrækt, garðrækt, ylrækt, skógrækt og búfjárrækt aðra en fiskeldi, ef lögð er stund á þessar greinar í þeim mæli að talist geti búrekstur eða þáttur í búrekstri.

Að því er varðar fyrstu spurningu yðar verður ekki annað ráðið af skýru orðalagi 5. mgr. 3. gr. tekjustofnalaga né 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um fasteignaskatt en að sveitarstjórn sé heimilt að undanþiggja allar fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt, þótt hún ákveði að eigendur fasteigna í þéttbýli skuli greiða slíkt álag.

Ráðuneytið leggur þann skilning í aðra spurningu yðar að óskað sé svара við því hvort í því felist ólögmat mismunun að annar atvinnurekstur en landbúnaður greiði hærri fasteignaskatt en sem nemur álagningarprósentu sem sveitarstjórn ákveður skv. a-lið 3. mgr. 3. gr. tekjustofnalaga. Því er til að svара að löggjafinn hefur ákveðið það fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í b-lið sömu málsgreinar, þ.e. að fasteignaskattur megi vera allt að 1,32% af álagningarstofni allra annarra fasteigna en þeirra sem falla undir a-liðinn. Verður að ætla að löggjafanum hafi verið ljóst að með þessu væri einni atvinnugrein, landbúnaði, ívilnað umfram aðrar atvinnugreinar en ráðuneytinu er ekki kunnugt um að reynt hafi á fyrir dómstólum hvort í þessu kunni að felast ólögmat mismunun.

Varðandi þriðju spurningu yðar skal bent á að skv. 3. mgr. 3. gr. tekjustofnalaga er það nýting mannvirkis sem ræður því undir hvorn staflað ákvæðisins það fellur. Mannvirki sem nýtt er til ferðaþjónustu fellur því ótvírætt undir b-liðinn, óháð því hvort það hafi áður verið nýtt til landbúnaðar. Þá verður ekki talið að sveitarstjórn geti ákveðið að fella slík mannvirki undir a-lið 3. mgr. 3. gr. af þeirri ástæðu einni að þau séu ekki nýtt nema hluta ársins til ferðaþjónustu. Hins vegar skal yður bent á að í undantekningartilvikum kann að vera heimilt á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 945/2000 að ákveða að hluta úr ári skuli greiða fasteignaskatt skv. a-lið þótt mannvirki falli annars undir b-liðinn.

Í fjórða lagi spyrjið þér hvort sveitarstjórn sé heimilt að veita tímabundinn afslátt af álögðum fasteignaskatti í þeim tilgangi að styrkja nýsköpun eða laða að nýja atvinnustarfsemi. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að tekjustofnalög standi því ekki í vegi fyrir því að sveitarstjórn ákveði slíkar ívilnanir. Hins vegar verður við beitingu slíkra ívilnana að gæta að ákvæðum samkeppnislaga og einnig jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Bent skal á að eðlilegt er að sveitarstjórn setji skriflegar reglur um slíkan stuðning. Jafnframt telur ráðuneytið heppilegra, m.a. til þess að slíkur stuðningur verði sýnilegur í reikningshaldi sveitarfélagsins, að hann sé ákveðinn í formi beinna styrkja fremur en að um sé að ræða afslætti af álögðum sköttum eða gjöldum.

F. h. r.

Guðjón Bragason (sign.)

Guðmundur Ómar Hafsteinsson (sign.)